

# Brunavarnaáætlun



fyrir starfssvæði  
Slökkviliðs Bolungarvíkur

*Efnisyfirlit*

Samþykkt	4
Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar	5
Gerð brunavarnaáætlunar	5-6
Endurskoðun brunavarnaáætlunar	7
Samráð við gerð brunavarnaáætlunar	7
1. Áhættumat	8
2. Þjónustustig	9
3. Skipulag slökkviliðsins	10
3.1 Verkefni slökkviliðsins	12
3.2 Forvarnarstarf	12
3.3 Útkallsstarf	13
3.1.1 Tækni og þróunarsvið	13
3.1.2 Útkallssvið	14
3.4 Annað	15
4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð	16
4.1 Viðvaranir og upplýsingagjöf	16
4.2 Svar- og greiningartími	16
4.3 Boðunartími	16
4.4 Virkjunartími	16
4.5 Viðbragðstími	16
5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður	17
5.1 Húsnæði	17
5.2 Bifreiðar	17
5.3 Búnaður	18
5.4 Fjarskipti	19
5.5 Viðvörunarbúnaður	20
5.6 Æfingarsvæði	20
5.7 Annað	20
6. Landupplýsingar	21
7. Vatnsból og brunahanar	21
8. Sérstakar bruna –eða mengunarhættur	22
9. Hafnir og mörk þeirra	26
10. Samkomulag og samningar	26
11. Annað	27
12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun	28
12.1 Húsnæði	28
12.2 Bifreiðar	29
12.3 Menntun og búnaður	29
12.4 Framkvæmdaáætlun	30
Dreifingarlisti	32

## Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Bolungarvíkur.

---

Heimildir	32
Fylgiskjöl	33
1 Útkallstími	34
1.1 Útkallssvæði	35
2 Skoðunarskylda eldvarnareftirlits	36
3 Staða menntunar slökkviliðsmanna 26.10.2005.	39
3.1 Menntun slökkviliðsmanna skv. reglugerð	40
4 Æfingaráætlun fyrir Slökkvilið Bolungarvíkur	41
5 Verkáætlun við bruna	42
6 Vinna skv. slökkviáætlunum	43
7 Hafnarsvæði	45



Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Slökkviliðs Bolungarvíkur (SB), samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001.

Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

*“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”*


Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Bolungarvík 2. júní 2007.



---

F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar.



---

F.h. Brunamálastofnunar.



## Markmið

Leiðarljós Slökkviliðs Bolungarvíkur með þessari brunavarnaáætlun er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000:

“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13.gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000,:

“Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt og útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Slökkvilið Bolungarvíkur hefur að leiðarljósi að veita gæðaþjónustu, þar sem markmið og hlutverk eru skýr. Innan liðsins starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk sem er í góðu líkamlegu og andlegu formi og hefur nútímalegan búnað. Áhersla er lögð á samkennd sem byggist á þekkingu, þjálfun og reynslu slökkviliðsmannanna.

Jafnframt er eitt af megin markmiðum Slökkviliðs Bolungarvíkur með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

**Slökkvilið Bolungarvíkur er hér eftir í áætlun þessari nefnt SB.**

## Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar

Gerð brunavarnaáætlunar.

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000, 16. gr. 5. mgr. segir:

“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13.gr., á starfsvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra SB eftir leiðbeiningum sem Brunamálastofnun gefur út.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaadstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samín eða endurskoðuð. Ekki er til áhættumat fyrir svæðið í heild sinni en öðrum vinnuaðferðum beitt.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir (t.d. slökkvíáætlanir og mengunarvarnaáætlanir) a.m.k. yfir allar stærstu og erfiðustu áhætturnar á svæði slökkviliðsins.

## Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Bolungarvíkur.

---

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- Tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur.
- Fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg.
- Nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi.
- Slökkvistöð slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins.

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- Endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins.
- Bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir.
- Tryggja aðstöð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum.
- Auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana.
- Gera áætlun um endurnýjun og afstkriftir á búnaði slökkviliðsins.

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir SB. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftareglur sem gefa vísbendinu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einni finna í:

- Öðrum áætlunum fyrir slökkvilið í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum.
- Áætlunum fyrir umhverfis –og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum.
- Öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga.

Helstu breytingar á starfssvæði SB, sem áhrif hafa á starfsemi þess, eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára og koma fram í brunavarnaáætluninni.

## **Endurskoðun brunavarnaáætlunar**

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt, eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir.

*“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”*

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

## **Samráð við gerð brunavarnaáætlunar**

Eftirtöldum aðilum var gefin kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst geta við gerð brunavarnaáætlunar SB.

Almannavarnarnefnd Bolungarvíkur  
Brunamálastofnun  
Bæjarstjórn Ísafjarðar  
Hafnarstjórn Bolungarvíkur  
Heilbrigðisst. Bolungarvíkur  
Lögreglan í Bolungarvík  
Neyðarlínan hf  
SFVÍ Bolungarvíkurdeild  
Umhverfismálaráð Bolungarv.  
Tæknideild Bolungarv.kaupst.

Áhaldahús Bolungarvíkur  
Bæjarstjórn Bolungarvíkur  
RKÍ – Bolungarvíkurdeild  
Heilbrigðisnefnd Vestfjarða  
Heilbrigðisst. Ísafjarðarbæjar  
Lögreglan í Ísafjarðarbæ  
Orkubú Vestfjarða hf.  
Slökkviliði Ísafjarðar  
Vinnuefirlit ríkisins Vestfjörðum



## 1. Áhættumat

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu

$$\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$$

Hér verður áhættugreining að mestu byggð á huglægu mati sem byggir á þekkingu og reynslu slökkviliðsstjóra, en einnig á tölfræði og útreikningum. Í tölfræði er einkum stuðst við eftirtaldir grunnreikniformúlur:

$$\text{Vatnsþörf slökkviliðs} = Q_{sl} = H \times A \times B \times K \times N \times T \text{ (l/mín)}$$

$$\text{Heildarrennsli} = Q - Q_u = Q_{sl} + Q_u \quad \text{Vatnsforði} - V = V_{sl} + V_u \text{ (m}^3\text{)}$$

Mikilvægt er að hefja vinnu við samræmt áhættumat á starfssvæði SB á næstunni.

Mengunar- og slökkviáætlanir eru til fyrir nokkrar stærri áhættur innan starfssvæðisins. Þá er áfram unnið að gerð slökkviáætlana fyrir allar stærri áhættur og þeim komið fyrir í gagnagrunni, sem og hafðar aðgengilegar í slökkvibifreiðum, svo nýtist á vettvangi.

Áhætta á starfssvæði SB eru mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins. Hér að neðan er listi yfir stærstu áhættur:

- |                                    |                    |
|------------------------------------|--------------------|
| • Gná hf.                          | Þuríðarbraut       |
| • Bakkavík hf.                     | Hafnargötur 80-96  |
| • Félagsheimili Bolungarvíkur      | Aðalstræti 24 - 26 |
| • Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur | Miðstræti 19       |
| • Grunnskólinn í Bolungarvík       | Höfðastíg 3 - 5    |
| • Jakob Valgeir ehf.               | Grundarstíg 5 og   |
| • Jakob Valgeir ehf.               | Sjávarbraut        |
| • Vélsn. Húsnæði                   | Hafnargata 57 – 59 |



## **2. Þjónustustig**

Þjónustu slökkviliðsins er skipt upp í sex meginþjónustuflokka:

### **1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss**

Allir slökkviliðsmenn SB hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000 það er að lágmarki 20 klst. á ári.

### **2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun**

Slökkviliðsmenn eru þjálfaðir til slökkvistarfa innanhúss og reykköfunar. Ekki hafa allir slökkviliðsmenn SB gild reykköfunarréttindi, bæði vegna aldurs og eins hafa menn óskað að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum. Allir slökkviliðsmenn eru þjálfaðir til slökkvistarfa við innanhússelda. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19. gr. laga nr. 75/2000 og reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað frá 26. júlí 1984.

### **3. Björgun fólks með klippum, glennum og öðrum búnaði, m.a. úr bílflökum**

Til staðar eru mjög öflug og góð björgunartæki til björgunar m.a. úr bílflökum og við rústabjörgun. Menntun og kunnátta slökkviliðsmanna er misjöfn á þessu sviði og hefur u.þ.b.  $\frac{3}{4}$  hluti slökkviliðsmanna einungis þjálfun til að sinna aðstoðarhlutverki. Í samræmi við æfingar – og menntunaráætlun SB munu a.m.k. 80 % slökkviliðsmanna verða menntaðir, sem og þjálfaðir á þessu sviði.

#### **3.1. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun**

Engir eiturefnabúningar, né búningar með slettuvörn eru til í Bolungarvík. Engin búnaður né viðbragðsáætlun er til að takast á við “miltisbandgró “. Lítil grunnbúnaður er til að hreinsa upp olíu og bensín, eða eiturefni af hvaða tagi. Þjálfun hefur einungis miðast við að taka á ammoníakleka í frystihúsum, hreinsun á olíu (með lágmarksbúnaði) og vegna helstu eiturefna er fyrirtæki bæjarfélagsins nota í mestu magni. Búnað vantar hins vegar og verður úr bætt í samræmi við úrbótaáætlun SB, sbr. kafla 12 bls. 28 – 30 og ofangreinda málsgrein. Heildarlausn vegna mengunaróhappa er ekki til sem stendur, einungis varðandi ofangreinda liði. Unnið er að úrbótum (sbr., fylgiskj.), á þeim þætti sem fram kemur í lögum nr. 75/2000 um brunamál, þar sem kemur fram að viðbrögð vegna mengunaróhappa er á höndum slökkviliðs sveitarfélagsins og á ábyrgð slökkviliðsstjóra og sbr. br. á sömu lögumá vorþingi 2007.

Gert er ráð fyrir lágmarksbúnaði hjá SB er uppfylli þjónustustig þessa þáttar í Bolungarvík og aðstoð fengin hjá Slökkviliði Ísafjarðar vegna stærri mengunarslysa er kalla á notkun fullnægjandi eiturefnabúninga. Slökkvilið Ísafjarðar á eiturefnabúninga sem og lágmarksbúnað til viðbragða við þessum þætti í dag.

### **5. Eldvarnareftirlit**

Slökkviliðið mun sinna eldvarnareftirlit á svæðinu. Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við við lög nr. 75/2000. svo og reglugerð um Eldvarnareftirlit sveitarfélaga frá 7. apríl 1994.

## 6. Önnur þjónusta

Í gildi er samningur við Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur frá 1. janúar 1991 um sjúkraflutninga. Samningur við Ratsjárstofnun frá 16. mars 2002.

Slökkviliðið annast slökkvistarf í skipum og bátum. Í stærri áhættum stórra skipa og í meiriháttar brunum t.d. í togurum er leitað aðstoðar Slökkviliðs Ísafjarðar.

### Dælingar

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, dælingar úr skipum og bátum samkvæmt beiðni o.fl. Þá hefur mjög aukist síðustu ár, í kjölfar minni þjónustu Áhaldahúss, að slökkviliðið hefur aðstoðað við losanir á stíflum í frárennislögnun heimila, fyrirtækja og stofnana. (Vatni dælt m/þrýstingi í lagnir). Einnig hefur þjónusta varðani þrif og dælingar hvaða tagi stóraukist.

### Slökkvitækjahleðsla

Á slökkvistöðinni er ekki starfrækt slökkvitækjaþjónusta en þjónustuþegum þessa þáttar beint til slökkviliðs Ísafjarðar.

### Öryggisvöktun

Öryggisvöktun er framkvæmd á skemmtistöðum, við afgreiðslu á eldsneyti við höfnina og við ýmis önnur atvik samkvæmt beiðni og/eða fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

## 3. Skipulag slökkviliðsins

Skipurit fyrir SB er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé sem minnst, að boðleiðir séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra slökkviliðsmanna.

Í eftirfarandi greiningu skipulags er stundum talað um svið og deildir. **Það er gert til að allir þættir verði gagnsærir, en ekki að starfsemin sé margskipt.**

Hjá SB starfar slökkviliðsstjóri í 40% stöðugildi, auk þess eru 23 – 25 skipaðir slökkviliðsmenn. Samstarf er á milli lögreglu og slökkviliðsins, auk þess er hægt að boða björgunarsveit til aðstoðar. Brunavarnir eru hluti af almannavarnarkerfi Bolungarvíkur og sinna þarf brunavörnum, sjúkraflutningum mengunar –og eiturefnaslysum og hafa til reiðu búnað til að klippa fólk úr bílflökum. Heildarfjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með mjög skömmum fyrirvara er u.þ.b. 10 í Bolungarvík og 3 lögreglumenn eru á vegum lögreglunnar í Bolungarvík. Auk þess er hægt að kalla út fleiri björgunarsveitarmenn í Bolungarvík.

Auk björgunarsveitar í Bolungarvík er Slökkvilið Ísafjarðarbæjar (40 slökkviliðsmenn), með höfuðstöðvar í 15 km. fjarlægð og björgunarsveit er í Hnífsdal í 10 km. fjarlægð (10-15 manns) og á Ísafirði (20 – 30 manns), í 15 km. fjarlægð. Yfirmenn slökkviliðsins eru 2, þ.e. slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri. Þess utan eru 5 slökkviliðsmenn í þjálfun til stjórnunarstarfa í forföllum og við aðrar aðstæður. Lámarksfjöldi slökkviliðsmanna í sveitarfélaginu þarf að vera 25.

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur SB á grundvelli laga, reglugerða og samþykta fyrir SB. Slökkviliðsstjóri skipar aðra staðgengla sína.

Slökkvilsmenn bera gsm –síma, flesta í einkaeign og sinna útköllum og eru á bakvöktum alla jafna þegar þeir eru staddir í bæjarfélaginu. Slökkviliðsmenn hafa ekki tilkynningaskyldu með forföll og fjarvistir sem væri æskilegt.



## Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Bolungavíkur.

Stjórn útkalla er á ábyrgð slökkviliðsstjóra og í forföllum hans varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitarstjórn og í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð.



Mynd 1. Skipulag Slökkviliðs Bolungavíkur.

Helstu verkefni yfirstjórnunar eru að:

- Stjórna starfseminni, samræma og tryggja að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- Sjá um áætlanagerð og fjárhagsrekstur SB og að heildarstarfsemin sé innan fjárhagsramma.
- Stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja þörfum og breytingum í samfélaginu.
- Sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- Stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- Vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun slökkviliðsmanna sé í samræmi við þjónustustig, lög og reglugerðir.
- Stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð útkalla er í höndum slökkviliðsstjóra.

Í útköllum er unnið eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum.

### 3.1. Verkefni slökkviliðs

Mikilvægt er að sveitarfélögin líti á slökkviliðin sem uppsett afl sem ákveðnir fjármunir eru bundnir í. Aukin nýting á því leiðir ekki sjálfkrafa til aukins kostnaðar nema að óverulegu leyti en eykur þjónustustig sveitarfélagsins og nýtir fjárfestinguna í uppsettu afli betur en ella.

Slökkvilið Bolungarvíkur sinnir öllum þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Unnið er með flutning vatns með tankbíl og einnig er hægt að kalla til bíl með færanlegan vatnstank í eigu einkaaðila, ef sækja þarf meira vatn.

Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun. Slökkvistarfi í skipum og bátum.

Klippubúnaði, mengunarvörnum og sjúkraflutningum er sinnt. Slökkviliðsmenn fá þjálfun í notkun á björgunarbúnaði og einnig fá þeir þjálfun í notkun mengunararbúnaðar Brunamálstofnunar þegar komið er með þann búnað til þjálfunar og eftirlits. Æfingar miðast við að allir geti unnið þessi störf í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig. Jafnframt hefur u.þ.b. helmingur slökkviliðsmanna á eigin kostnað farið að meðaltali annað til þriðja hvert ár til æfinga hjá stóru atvinnuslökkviliðunum, þ.e. Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins og Slökkviliði Akureyrar.

Stefna SB í menntunarmálum er að 80 % slökkviliðsmanna hafi ætíð a.m.k. lármarksmenntun sem hlutastarfandi slökkviliðsmenn og endurmenntun verði í samræmi við reglugerð. Nýliðar taka fornam sem slökkviliðsstjóri annast í samræmi við reglugerð.

Eldvarnareftirliti er sinnt í samræmi við lög og reglugerðir þ.a.l. Sjúkraflutningar eru á vegum SB skv. samningi við Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur er greiðir kostnað vegna þeirrar starfsemi. Samrekstur sjúkraflutninga fer mjög vel saman við starfsemi slökkviliðsins. Slökkvitækjapjónusta er ekki til staðar á slökkvistöð, heldur er vísað á Slökkvilið Ísafjarðar.

Öryggisvöktun er sinnt eftir beiðnum húseigenda og/eða að kröfu slökkviliðsstjóra og sinna slökkviliðsmenn þessum beiðnum í aukavinnu sem og annarri vinnu er almennir slökkviliðsmenn sinna. Slökkviliðsstjóri sinnir daglegum rekstri slökkviliðsins. Samstarf er við Slökkvilið Ísafjarðar skv. sérstökum samningi þ.a.l., og fleiri aðila í samræmi við lög og reglugerðir og skv. upptalningu í 10. kafla.

SB gegnir hlutverki innan Almannavarnarkerfis Bolungarvíkur skv. sérstakri skilgreiningu þ.a.l.

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna.

*Þjónusta sem er ekki samkvæmt lögum;*

Slökkvilið sinnir slökkvistarfi í skipum sem eru bundin við bryggju.

Slökkviliðið sinnir björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum.

### 3.2 Forvarnastarf

Umsýsla forvarnastarfs heyrir undir slökkviliðsstjóra. Í dag telst starfshlutfall eldvarnareftirlits 35 – 40 %. Annað starfshlutfall forvarna er á bilinu 5 – 10 % eftir aðstæðum.

Dagleg umsýsla forvarnadeildar heyrir undir slökkviliðsstjóra. Gera skal kröfu um að eldvarnaeftirlitsmaður hafi starfsréttindi samkvæmt 15. og 17. grein laga nr. 75/2000. Slökkviliðið mun sinna þessum þætti. Stöðugildi forvarnastarfs þarf að vera a.m.k. 45% sem er ekki hluti af starfshlutfalli slökkviliðsstjóra.



Starfsvið forvarna er tvennskonar:

- Skoðunarsvið
- Tæknisvið

Helstu verkefni forvarnadeildar eru:

- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum skv. reglugerð um eldvarnareftirlit sveitarfélaga
- Ráðgjöf til hönnuða
- Skoða teikningar bygginganefndar
- Umsögn vegna veitinga –og gististaða
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga –og samkomuhúsum
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir og mengunarvarnir
- Fræðsla í skólum um eldvarnir og mengunarvarnir
- Slökkviliðsstjóri situr fundi Umhverfismálaráðs

### **Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnarstarfs er í höndum slökkviliðsstjóra**

Slökkviliðsstjóri telur að bæta þurfi við núverandi starfshlutfall um 0,4 úr stöðugildi, til að sinna megi verkefnum í samræmi við lög og reglugerðir.

Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti á að vera löggiltur eldvarnareftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnareftirlitsmaður III hjá Brunamálaskólanum eða sambærilega menntun. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Eldvarnareftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntunn í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001. Listi um skoðunarskylda staði er í fylgiskjali 2.

Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans.

Samstarf er milli SB og Grunnskólans í Bolungarvík á sviði forvarna og við Leikskólann. Einnig annast SB forvarnarstarf fyrir stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök.

Þá er náið samstarf milli SB og félags Slökkviliðsmanna í Bolungarvík og LSS á sviði forvarna.

### **3.3. Útkallsstarf**

Útkallsstarf skiptist í tvo þætti, tækni –og þróunarsvið og útkallssvið.

#### **3.1.1. Tækni og þróunarsvið.**

Skipulag:

Tækni -og þróunarsviði er skipt upp í fimm starfssvið:

- Almannavarnir
- Slökkvistarf
- Sjúkraflutninga
- Tæki og búnaður
- Umhverfismál

Slökkviliðsstjóri stýrir ofangreindum starfssviðum og slökkviliðsmenn ásamt honum sinna tilfallandi verkefnum.

Helstu verkefni:

Samhæfing búnaðar og menntun starfsmanna í samræmi við mótaða stefnu. Það er lagt mat á einstaka þætti starfseminnar og settar fram tillögur um þróun og úrbætur. Með yfirtöku bæjarráðs á verkefnum brunamálanefndar árið 1990 hefur fagleg pólitísk umfjöllun og aðkoma að málafokknum verið með öðrum hætti, þ.e. lítil.

Helstu verkefni eru á sviði:

- Björgunar og slökkvistarfa
- Sjúkraflutningar
- Viðbragða vegna mengunarslysa
- Umhirðu húsnæðis
- Umhirðu bifreiða og búnaðar
- Almannaþing og aðgerðastjórnun
- Viðhalds og prófunar á fjarskiptakerfum
- Æfingar og þjálfun slökkviliðsmanna

### 3.1.2. Útkallssvið

Skipulag

Útkallssvið er ein starfseining í Bolungarvík.

Sjúkrabifreið er rekin í Bolungarvík.

Helstu verkefni:

Útkallssvið hefur fjögur meginþjónustuhlutverk:

- Slökkvi –og björgunarstörf
- Sjúkraflutninga
- Eftirlit tækja og búnaðar
- Viðbrögð við mengunarslysum

Samnýting á starfsmönnum milli slökkvistarfa og sjúkraflutninga er talsverð.

Helstu verkefni eru:

Slökkvistarf innanhúss og utan, sem og í skipum, bátum og gróðri.

- Viðbrögð við umhverfisslysum
- Björgun vegna umferðaróhappa
- Slökkvistarf í skipum
- Björgunar- og slökkvistarfa
- Almannaþing
- Viðhalds og prófunar á fjarskipabúnaði
- Æfingar og þjálfun starfsmanna
- Sjúkraflutningar
- Þjálfun og æfingar
- Dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð útkallsdeildar er í höndum slökkviliðsstjóra.

Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.



Unnið er að í samræmi við úrbótaáætlun, að koma upp stjórnstöð á slökkvistöð. Í dag gegnir Neyðarlínan og -eða lögreglan því hlutverki þ.e. starfi stjórnstöðvar að hluta til. Stórmandi er í sambandi við Neyðarlínu að stórum hluta og -eða lögreglu og sjá fyrrnefndir aðilar um úthringingar o.fl. því tengdu ef þarf. Einnig er bifreið til staðar sem sækir búnað og fer með loftkúta til hleðslu o.fl. er þarf. Rofni símasamband er gert ráð fyrir að notast verði við "Tetra" fjarskipti og verða fjarskiptamál komin í lag skv. úrbótaáætlun.

Fjöldi slökkviliðsmanna er 25 í dag, auk slökkviliðsstjóra.

Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við þjónustustig. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbílum og aðrir ekki færir um að stunda reykköfun. Menntunar og símenntunaráætlun slökkviliðsmanna er í samræmi við stefnu og námsskrá Brunamálaskólans og Brunamálástofnunar. Slökkviliðsstjóri verður vegna staðbundinna aðstæðna að nýta sér undanþáguákvæði 8. gr. 3. kafla reglugerðar nr. 792 frá 2001 við skipan slökkviliðsmanna í SB.

- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 50% slökkviliðsmanna að vera með reykköfunarréttindi á hverjum tíma.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 60% slökkviliðsmanna þjálfaðir til starfa vegna klippuvinnu á hverjum tíma. Í dag geta flestir slökkviliðsmenn sinnt þessum þætti.
- Í samræmi við þjónustustig eiga á hverjum tíma a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 60% slökkviliðsmanna þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa á hverjum tíma.
- Vegna slökkvistarfs í skipum verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að geta tekist á við þá þætti starfsins.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Æfingaráætlun er að finna í fylgiskjali 4.

Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans. Auk þess mun slökkviliðið gera áætlun til fimm ára og var sú fyrsta gerð fyrir starfsárið 2006 og síðan endurskoðuð og uppfærð á hverju ári. Sjá menntunarstig í fylgiskjali 3. og 3.1. Slökkviliðsmenn hafa sótt námskeið á vegum Brunamálaskólans svo og endurmenntunarnámskeið

Í útköllum er unnið eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum, sjá fylgiskjal 6.

### 3.4 Annað

Unnið verður að því, í samræmi við úrbótaáætlun og fjárveitingar, að koma upp mengunavarvarnbúnaði innan SB í samræmi við lög og reglugerðir þ.a.l.

## 4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Viðvaranir vegna almannavarnaáðstæðna eru gefnar út af Almannavarnarnefnd Bolungarvíkur með tilkynningum í fjölmiðlum, úthringingum o.fl., ef þarf. Ekki er fjarskiptamiðstöð á slökkvistöð. Fjarskiptamiðstöð almannavarna er í Ráðhúsinu í Bolungarvík og er búin VHF talstöð og rafgeymum sem varaafli fyrir þær, auk tveggja auka símalína.

Á slökkvistöð er ekki talstöð. Ein símalína er tengd, ekki er faxtæki en sí tengd tölva við internetið. Neyðarsvörur er í höndum neyðarlínunnar og sér hún einnig um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum.

### 4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavarnir Bolungarvíkur og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum Almannavarna Bolungarvíkur. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar mengunarslys á svæðinu, t.d. ammoníaksleki í Bakkavík í norðaustan og austan átt, mengunarslys í Gná í sunnan og suðaustan átt. Stórbruni í félagsheimilinu og mikil reykur í næsta nágrenni með tilheyrandi rýmingum, m.a. í Sjúkrahúsi o.fl. Sama gildir um aðrar almannavarnaáðstæður.

Í brunavarnaátaki félags slökkviliðsmanna í Bolungarvík var bæklingi um brunavarnir ásamt viðbrögðum við bruna dreift á öll heimili kaupstaðarins.

### 4.2. Svar- og greiningartími

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3,7 sek. og greiningartími er allt að 1,5 mín., en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Áhyggjur vekur að í öllum útköllum Neyðarlínunnar hafa einstaka símar (1 – 3), setið hjá í allt að 4 klst. frá boðun. Unnið er að úrbótum á þessum þætti af hálfu Símans. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna.

### 4.3. Boðunartími

Eins og áður er komið fram sér Neyðarlínan um boðun á slökkviliðinu með SMS skilaboðum. Boðunin er gerð samkvæmt fyrirmælum slökkviliðsstjóra. Viðmiðið sem notast er við, er að fyrsti slökkvibíll skal vera kominn úr stöð innan 6 mín. miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður og náttúruhamfarir hamla ekki. Varðandi slökkviliðið, sér slökkviliðsstjóri um að uppfæra boðleiðir. Formaður Almannavarna Bolungarvíkur um uppfærslu vegna almannavarnarnefndarmanna og aðgerðarstjórnar almannavarna Bolungarvíkur. Björgunarsveit sér um að uppfæra boðunarlista sinn í samræmi við þeirra reglur. Hafnarstjórn sér um uppfærslur v/mengungarv. Bolungarvíkurhafnar. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða. Hjá SB er ekki gerður greinamunur á boðum slökkviliðs vegna almannavarnaváar.

### 4.4. Virkjunartími

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 30 sek., frá því að dælubíll stöðvar við eldstað. Er þessi ferill æfður og tímatekin a.m.k. þrisvar sinnum á ári. Allt slökkvistarf á að vera komið í gang innan þriggja mín., frá því að slökkviliðið kemur á staðinn.



#### 4.5. Viðbragðstími

Viðbragðstíma er skipt upp í þrjú tímabelti og flokka (sjá mynd). Í fyrsta tímabeltinu flokki 1, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín., (þar fellur inn í öll heilsársbyggð), frá boðun (grænt), í tímabelti 2, flokk 2, eru aðgerðir hafnar innan 20 mín. (ratsjárstöð Bolafjalli), (gult) og í þriðja tímabeltinu, flokk 3, (sumarhúsabyggð Skálavík), eru aðgerðir hafnar innan 30 mín. (rautt). Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti í fylgiskjali 1 og 1.1. Þar sem slökkvilið er lengur en 30 mín er séð til þess að fólk sé upplýst um mikilvægi slökkvitæka, reykskynjara og rýmingarleiðir.

## 5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður

Líta verður á allan búnað SB sem eina heild, enda kemur það fram sem eitt afl. Þetta er gert til þess að sem best nýting fái úr búnaðinum og því fjármagni sem fæst til búnaðarkaupa.

Unnið er að kaupum á lámarksbúnaði vegna mengunarvarna og viðbrögðum við mengunaróhöppum og hefur þegar verið undirbúin pöntun búnaðar til uppsogs, girðinga v/leka og fl. þ.a.l.

Afskriftarreglur og fjármagnsstefna verða í samræmi við reglur og samþykktir sveitarfélagsins.

### 5.1 Húsnæði

Slökkvistöð SB er ein, auk þess hefur SB aðgang að helming bílskúrs.

- Slökkvistöðin við Tjarnarkamb
- Bílskúr við Ráðhús.

SB leigir slökkvistöð af eignarhaldsfélagi húseigna Bolungarvíkurkaupstaðar.

Slökkvistöðin í Bolungarvík.

Slökkvistöðin við Tjarnarkamb er byggð árið 1977, 397 m<sup>2</sup>. Sérstakt húsnæði slökkviliðs er 196,5 m<sup>2</sup>. Samnýting er á húsnæði um starfsmannaaðstöðu í áhaldahúsi (sama hús). Á efri hæð áhaldahúss er skrifstofa, kaffistofa sem einnig er nýtt til kennslu og sem fundaraðstaða. Á neðri hæð er salerni en sturtuaðstöðu vantar. Kröfur vinnueftirlits, heilbrigðisefirlits og eldvarnaeftirlits hvíla á húsnæðinu er þarf úr að bæta.

Bílskúr við Ráðhús.

Bílskúrin er byggður árið 1973 og er 35 m<sup>2</sup>. að stærð.

### 5.2 Bifreiðar

Bifreiðar SB eru eign slökkviliðsins og Félags slökkviliðsmanna í Bolungarvík utan Man bifreiðar sem SB leigir af Eignarhaldsfélagi Bolungarvíkurkaupstaðar. Rekstur bifreiðanna er á reikning SB í fjárhagsáætlun.

- Man 14.284 LA-LF 4x4 árgerð 2003, dælu og tækjabíll. Tekur 4.000 l. af vatni dælir 3.800 l/mín. Bíll í góðu ástandi.
- Mercedes Benz 1113, dælu –og tækjabíll árgerð 1967, ekinn 19.900 km. með 3.200 l. tank og 1600 l/mín dælu. Ástand nokkuð gott, en þarnast eðlilegs viðhalds v/ryðs.

- Volvo F 616 dælu –og tankbíll, árgærð 1982, ekinn 171.925 km., tekur 10.000 l. af vatni og með dælu sem dælir 600 l/mín. Ástand er sæmilegt, dæla orðin mjög slitin og einnig þarf að endurnýja hjólbarða.
- Ford Econoline árg. 1989. Þetta er þjónustubifreið SB og annast einnig flutning á mannskap til og frá útkallsstað. Bifreiðin er í eigu Bolungarvíkurdeildar RKÍ. Slökkviliðið rekur bifreiðina. Í góðu ástandi.
- Mercedes Benz, sjúkrabifreið rekin af Heilbriðisstofnun Bolungarvíkur og Bolungarvíkurdeild RKÍ. Í góðu ástandi.

### 5.3 Búnaður

Búnaður SB er rekin sem ein heild og er það gert til að nýting verði sem best. Talsvert vantar upp á að búnaður sé fullnægjandi og komið að endurnýjun á stórum hluta búnaðar (sjá framkvæmdaáætlun kafla 12). Almennt má þó segja að ástand búnaðar sé sæmilegt. Viðhald og endurnýjun var með góðri reglu þar til síðustu ár. Aldursdreifing búnaðar er sömuleiðis nokkuð eðlileg og er tekið mið af þeim þætti í útbótaáætlun. Reykköfunartæki og kúta þarf að senda til prófunar í samræmi við reglugerð sem er kostnaðarsamt.

Eftirfarandi upptalning er á öllum lausum búnaði utan bifreiða og smáverkfæra.

- Lausar dælu eru prófaðar hálfsmánaðarlega og er lýst hér að neðan:  
Honda WT 1.200 l/mín. árg. 1998.....gott ástand  
Climax 1.600 l/mín. árg. 1963 .....sæmilegt ástand  
Nocci brunndæla 80 l/mín árg. 2002.....gott ástand
- Allar slöngur eru þrýstiprófaðar reglulega og eru flestar í góðu ástandi.
- Stofnlagnir 24 m.....4”  
Stofnlagnir 180 m.....3 “  
Fæðislöngur 700 m.....21/2 “  
Fæðislöngur 400 m.....2”  
Vinnuslöngur 150 m.....11/2”  
Vinnuslanga 30 m.....1”
- Stútar eru yfirfarnir mánaðarlega og eru í góðu ástandi:  
AWG stútar 150 l/mín.....2 st.  
AWG stútar 375 l/mín.....5 st.  
Hoenig stútar 375 l/mín.....6 st.  
Protek stútar 475 l/mín.....4 st.  
Superloy 1000 l/mín.....1 st.  
Viper 800 l/mín .....1 st.  
Task Force tips 200 l/mín .....3 st.  
Protek 1900 l/mín .....1 st.  
Cukel 800 l/mín .....1 st.

Froðubúnaður: Í góðu ástandi

- 1 stk. Total millifroðutæki
- 1 stk. froðustútur
- 150 l millifroða.



## Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Bolungarvíkur.

- Björgunarklippur eru yfirfarnar á tveggja vikna fresti og stærra eftirlit á 6 vikna fresti. Tækin eru nýleg og í góðu standi. Lyftipúðar eru yfirfarnir á 6 vikna fresti og eru sömuleiðis nýir og í góðu standi.  
Holmatro björgunartæki, klippur, glennur og tjakkar.....1 st  
Ymisskonar fylgibúnaður  
Vetter lyftipúðar ásamt stýribúnaði og fylgihlutum.....1 st



- Handverkfæri eru öll í góðu standi og eru yfirfarnir mánaðarlega.  
Almenn handverkfæri, sagir, hamrar, kúbein ,axir, brotverkfæri rörtangir o.fl.....heild
- Yfirprýstings reykblásari....Ranfan.....bensín.....1 st.
- Útsogsblásari (rafknúinn) + barkar. Ranfan.....1 st.
- Rafstöð Entress 6 kw/klst árg. 2003.....1 st.
- Álstigi 11,6 m. ....Breskur.....1 st.
- Álstigi Max 2,70 m x4.....4 st.
- Hlífðarfatnaður (algallar) .....26 st.
  
- Reykköfunarbúnaður er notaður á flestum æfingum og þar að auki prófaður á tveggja vikna fresti. Eftirlit með tækjunum hefur ekki verið skv. reglugerð vegna kostnaðar.  
Fency 5000 reykköfunartæki árg. 1993.....3 st.  
Fency 5005 reykköfunartæki árg. 2006.....2 st.  
Fency Zpiratom gömul gerð ástand lélegt .....2 st.  
Lofthylki auka.....4 st.  
Loftdæla Bauer capitano árg.1990 ..... 1 st.  
BA Control board árg. 2006 .....2 st.  
Diktran flautur árg. 2006 .....4 st.

### 5.4 Fjarskipti

Notast er við VHF fjarskipti. Átak þarf að gera við endurnýjun á fjarskiptabúnaði slökkviliðsins sem er í ólestri. Í samræmi við ákvörðun Ríkislögreglustjóra og almannavarnarnefndar Bolungarvíkur verður breytt yfir í “Tetra” kerfið og verður sett upp stjórnstöð á slökkvistöð, sem og fjarskiptum slökkviliðs verður breytt að hluta til úr VHF í Tetra.

Handstöðvar stjórnenda og reykkafara eru úr sér gengnar og afskrifaðar. Sömuleiðis þarf að æfa samskipti allra aðila er koma að almannavarnaratburðum, því oft vill sími og rafmagn vera það fyrsta sem bilar við þannig aðstæður.

Úrbætur á þessum þætti eru kynntar í framkvæmdaáætlun kafla 12.

Ábyrgð á viðhaldi og fjarskiptabúnaði er á höndum slökkviliðsstjóra.

## Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Bolungarvíkur.

Allir slökkviliðsmenn ganga með GSM síma og eru boðaðir út með SMS

- Talstöðvar fyrir reykköfunartæki..... 0 stk.
- Handstöðvar VHF ---- - XXXX..... 8 stk.
- Fastar talstöðvar í slökkvibifreiðum..... 2 stk.
- Föst talstöð í varðstofu..... 0 stk.
- GSM símar..... 10 stk.

Slökkvilið hefur ekki yfir neinum öðrum fjarskiptabúnaði að ráða við almannavarnaraðstæður en Tetra stöð er í sjúkrabifreið.

### Talstöðvar:

Staðsetning	Tegund	Type	Raðnr.	Fjöl -di	R á s	Heiti	Tíðni er ekki hægt að birta hér.	
							RX	TX
Slökkvibíll	Maxon			2	1	Slökkvilið Reykköfun		
Slökkvibíll	Maxon	Cp-0510	Handstöðvar	3	A	Slökkvilið Reykköfun		
Slökkvistöð	Yasesu	FTH- 2006	9G150103	1	1	Slökkvilið		
	Stöðin ónýt.				2	Reykköfun		
					3	Sjúkrahús		
					4	Áhaldahús		
					5	Björg.sv.sam.		
					6	Sérrás SVFÍ		
					7	BJ.sv. endurvarp. 1		
					8	Bj.sv. endurv. 2		
					9	Neyðarrás skipa		
Sjúkrabíll	Tait	2020		1	1	Áhaldahús		
					2	Björg.sv. sam.		
					3	Slökkvilið		
					4	Reykköfun		
					5	Alm.varnir endurv.		
					6	Almannav. endurv.		
					7	Almannavarnir		
					8	Sérrás SVFÍ		
					9	Leitun		

Slökkviliðið hefur lista yfir tíðni og rásir lögreglu, heilbrigðisst., björgunarsveita og slökkviliðs Ísafjarðar.

### 5.5. Viðvörðunarbúnaður

Viðvörðunarlúðrar voru tveir. Annar hefur verið tekinn niður og hinn aftendur. Í umræðu er, hvort setja eigi þá upp að nýju ofar í bænum eða notast við núverandi kerfi, sem er að láta bíl með sírenu aka hægt um bæinn með áhveðnu hljóðmerki og hátalara. Er þessi aðferð hugsuð ef vekja þarf bæjarbúa vegna váar hverrar tegunda. Viðvaranir til bæjarbúa eru að öðru leyti gefnar út í samráði við Almannavarnir Bolungarvíkur og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum AB.



### 5.6. Æfingarsvæði

Ekkert ákveðið æfingarsvæði er til hjá SB heldur notast við þau svæði, húsnæði og aðstöðu sem í boði eru hverju sinni og best henta.

### 5.7. Annað

Sjúkrabifreið af gerðinni Mercedes Benz árg. 2003 og er búnaður hennar ágætur til sjúkraflutninga.

Ford Econoline, er áður var sjúkrabifreið bæjarins árg. 1989, er nú notuð til flutnings slökkviliðsmanna til og frá útkallstöðum og sem þjónustubifreið. Þá bifreið má einnig nota til sjúkraflutninga með skömmum fyrirvara, ef kæmi til meiriháttar váar, sem og til mannflutninga.

## 6. Landupplýsingar

Landfræðilegt þjónustusvæði SB nær yfir allt land Bolungarvíkurkaupstaðar, frá landamerkjum við Ara á Óshlíð yfir Skálavík í norðri.

Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll enda eru slökkviliðsmenn vel kunnugir staðháttum og rata vel um vegi sveitarfélagsins. Landakort eru til staðar, og verður fljótlega sett upp stórt landakort af svæðinu í kennslusal slökkviliðsins. Unnið er að því að koma í slökkvibifreiðar staðháttarlýsingu af sveitabæjum með upplýsingum um vatnsból og helstu hættur sem og kortum. Er þetta unnið samhliða eldvarnareftirliti og reiknað með að það verði komið í alla bíla árið 2008. Sjá stærð sveitarfélags í fylgiskjali 1.1.

## 7. Vatnsból og brunahanar

Í Bolungarvík eru 15 brunahanar víðsvegar um bæinn og við húsnæði OV í Múrhúsahverfi. Unnið hefur verið markvisst að því að fjölga Brunahönum, skipta út gömlum sem og að bæta lagnir og vatnsþrýsting í bæjarfélaginu og verður svo áfram. Vatnsþrýstingur í bænum er misjafn og fer talsvert eftir hvort álagstímar eru hjá atvinnufyrirtækjum bæjarins sem og ástandi vatnsveitu. Einnig eru lagnir misgóðar eftir hverfum. Vatnsþrýstingur er frá 1,0 bar og að 4 bar. Talsverður munur er einnig á stöðuprýstingi.

Aðgangur að sjó er góður á hafnarsvæði bæjarins. Vatnsból við sveitabæi eru víðast góð í námunda við bæi. Hentugustu staðir til vatnstöku innan bæjarins eru úr sundlaug, af Brimbrjót, Lækjarbryggju, flotbryggjum innan Lækjarbryggju, Grundargarði, úr lóni við fjöruborð úr Hólsá. Við sveitabýli eru hentugustu staðir eftirfarandi: Ós og fremri Ós úr Ósá, Hanhóll úr Gilsá, Miðdalur úr læk utan bæjarins og úr Syðradalsvatni, Sama á við um 2 sumarhús í Miðdal, Sumarbústaðir í Skriðu úr Syðradalsvatni og sama á við um Geirastaði. Vatnstaka úr ánni við Þjóðólftungu og Minnihlíð.

Viðhald brunahana er á vegum Áhaldahúss Bolungarvíkurkaupstaðar, en slökkviliðsstjóri sér um að mæla afkastagetu þeirra.

Taka verður þó fram, að við allar mælingar á virkum dögum, hefur mjög fljótlega skapast vandræðaástand á vinnustöðum við að vatnsþrýstingur hefur fallið.

Vatnsból bæjarins eru á þremur stöðum, tveimur í Hlíðardal, annað er einungis virkt yfir sumarið. Aðalvatnsinntak er í stíflu í Hlíðardal. Þriðja er tekið úr Tunguá í Tungudal neðan túna Tungubýlisins, til hliðar við sorphauga og urðunarstað bæjarfélagsins til tuga ára.

Kort af landsvæði sem og götukort þar sem brunahanar og hættur verða settar inn verða settar í bíla ári 2008.

Nánari upplýsingar um vatnsveitukerfi bæjarins er að finna á tæknideild

Bolungarvíkurkaupstaðar sem ber ábyrgð á endurskoðun upplýsinga sem og á vatnsveitukerfinu.

Flutningar eru á olfu um Hlíðardal til Ratsjárstöðvar á Bolafjalli og til sumarbústaða í Skálavík. Talsverð umferð er um Hlíðardal yfir sumarið til Skálavíkur og má búast við stórauðum umferð á Bolafjall eftir opnun vegarins á fjallið, sem er auglýst sem útsýnisstaður fyrir ferðamenn.

### **8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur**

Nokkrar af stærstu áhættum SB eru settar hér fram, þeim er ekki raðað eftir áhættuflokkum. Mat á neðantaldar áhættur var endurmetið á síðasta ári. Slökkvíaætlanir eru til fyrir eftirtaldar áhættur.

#### **Gná hf. Þuríðarbraut**

Loðnu og beinamjölsværksmiðjan er misvel byggt hús frá brunatæknilegu sjónarmiði. Byggingin var byggð 1963 og stækkuð árin 1977/85/97. Stærð bygginga er 17.541 m<sup>3</sup>. Burðarvirki eru úr steinsteypu, stáli og hlaðið, hæðarskil eru engin, burðarvirki þaks eru stálbitar, þak er m/timburásam, tréklæðningu og bærustáli, óeinangrað.

Byggingin er klædd að utan með báruðu stáli og einangrað með einangrunarplasti.

Byggingin er ein brunasamstæða. Burðarvirki í þaki, stálsperur eru óvarðar að innan. Eiturefni eru geymd í soðkjarnahúsi og turni í norðurenda.

Starfsmenn eru að meðaltali 8, fleiri á álagstímum. Talsverðar kröfur um úrbætur eru og verður krafist úrbótaáætlunar. Mjölgeymsla er í suðurhluta byggingarinnar og oft mikið mjölmagn þar. Lýsisgeymar (um 800 tonn) eru við vesturhlið byggingarinnar. Á liðnum áratugum hefur oft komið upp eldur í byggingunni, síðast í mjölgeymslu árið 2000.

Ekkert brunavarnarkerfi er í húsinu sem er á kröfufasta.

**Ástand brunavarna í byggingunni er óviðunandi.**

#### **Niðurstaða:**

Hæglega gæti orðið stórbruni, fer þó talsvert eftir hvar í byggingu eldurinn yrði laus og hvort starfsmenn væru í byggingunni. Reikna má með stórtjóni verði stórbruni.

Eftir stærð, eðli og staðsetningu elds, gæti vatnsþörf farið vel yfir 9000 l/mín.

Dæla þyrfti miklu magni úr sjó, því vatnsveitan getur ekki miðlað nógu vatni fyrir svo stóran eldsvoða. Dælugeta SB er í dag 8.800 l/mín. – þrýstingstap. Fjarlægðir í næstu brunahana (Þuríðarbr. eða Mávakambur 50 –150 m) og fjarlægð í hentugan stað til sjódælingar (Grundargarð 50 –120 m.), valda talsverðu núnings –og þrýstihæðartapi að undanskyldri mismikilli dæluhæð úr sjó, (eftir fallaskiptum). Einnig orsaka stútar einnig þrýstingstap, þannig að kalla yrði til aðstoð frá Slökkviliði Ísafjarðar með dælukraft allt að 3.000 l/m. eða meira, ásamt tilheyrandi vinnuslögum og stútum. Nauðsynlegt er að hólfa bygginguna í samræmi við kröfur.



### **Bakkavík hf. Hafnargötu 80 - 96**

Byggingin er 30.003 m<sup>3</sup> að stærð. Í Bakkavík er starfrækt rækju –og fiskvinnsla og starfa þar u.þ.b. 70 manns. Byggingin er steinseypt að mestu og er á 2. til 4. hæðum. Byggingin er tvær brunasamstæður (ekki góð skil). Mikið er um yleiningar sem milliveggi í vinnslunni. Hurðir inn á hæðir eru að mestu álhurðir með gleri.

Kyndiklefi, sem er sérstakt brunahólf er á jarðhæð á austanverðu húsinu, (opið með stökk). Einnig er spennistöð á vesturhlið innan A-RMEI60 veggja. Á 3. hæð er geymsla með klæðningu í flokki 1. Burðarvirki er úr steinsteypu, hæðaskil eru forspenntar einingar, steinsteypa og timbur. Burðarvirki þaks er timbur.

Lofthléðning er múrhúð, steypa, gífs, spónaplötur og korkur. Innveggir eru steinsteypa, hlaðnir og yleiningar. Rýmingarleiðir eru í flestum tilfellum í gagnstæðar áttir. Þó eru á nokkrum stöðum aðeins ein leið frá vinnslurýmum í rækju og móttöku á 1. hæð. Frá umbúðageymslu á 3. hæð er ein leið og sama má segja um borðsal á 3. hæð.

Sérstök hættu er vegna amoníaks í leiðslum um allt hús. Til er viðbragðsáætlun vegna ammoníaksleka innanhúss, en allan búnað og hlífðarfatnað vantar hjá SB.

Brunatæknileg hönnun hefur ekki verið gerð fyrir bygginguna. Ekkert brunavarnakerfi er í byggingunni sem er í kröfum og að setja upp brunaviðvörðunarkerfi.

**Ástand brunavarna í byggingunni er óviðunandi.**

#### **Niðurstaða:**

Hættu er vegna amoníaks. Við sérstakar aðstæður gæti myndast ský og vindátt gæti orsakað að framkvæma þyrfti rýmingar í hluta bæjarins. Einnig gæti orðið stórbruni í báðum brunasamstæðum hússins. Við þær aðstæður og miðað við afkastagetu brunahana við ytra horn Bakkavíkur sem og afkastagetu brunahana við Hafnarg. 60, ásamt dælingu úr sjó, ræður SB ekki við aðstæður og verður kallað eftir aðstoð frá SÍ. Sömuleiðis ef amoníak læki út í bruna af marki og ef mengunarslys yrði af völdum amoníaks, við slíkar aðstæður verður að kalla til Slökkvilið Ísafjarðar, þar sem til staðar eru eiturefnagallar. Nauðsynlegt er að hólfa bygginguna í samræmi við kröfur og setja upp brunaviðvörðunarkerfi.

### **Heilbrigðisstofnun Bolungarvík, Sjúkrahús Miðstr. 19.**

Byggingin er 1.883m<sup>3</sup> og c.a. 200 m<sup>2</sup> og er á tveimur hæðum. Burðarvirki og hæðaskil eru úr steinsteypu, innveggir úr steypu og timbri (spónaplötur).

Burðarvirki þaks úr timbri og þak m/timburásam, tréklæðningu og bærustáli, óeinangrað. Byggingin er ein brunasamstæða. Hurðir allra herbergja þ.m.t. sjúkrastofa eru spjaldahurðir. Byggingin er samtengd íbúðum aldraðra með tengigangi til austurs. Húsið er nokkuð vel byggt út frá brunatæknilegu sjónarmiði, þó eru þrengsli á göngum til baka ef rýma þyrfti. Brunaviðvörðunarkerfi er einungis í tengibyggingu og lyftuhúsi en reykskynjarar á göngum. Súrefnisbirgðir í geymslu innan stofnunarinnar er ætíð haldið í lágmarki. Helsta hættan felst í að erfitt gæti verið að flytja sjúklinga við rýmingu. Þegar vá ber að höndum er unnið eftir rýmingaráætlun sjúkrahússins sem er æfð og yfirfarin reglulega. Sjúklingar eru að meðaltali 8-10 hin síðari ár, en voru fast að 20 fyrir rúmum áratug. Starfsfólk er 21 í 13 stöðugildum.

Ekki má reikna með almannavarnarsástandi ef eldur kemur upp í sjúkrahúsi, því reiknað er með að neyðaráætlun stofnunarinnar sinni því ástandi og framhaldsaðgerðum þ.a.l. Ekkert brunavarnakerfi er í byggingunni (er í kröfum), utan tengingang og í lyftuhúsi.

**Ástand brunavarna í byggingunni er sæmilegt.**

#### **Niðurstöður.**



Ekki eru mikil líkindi á stórum eldsvoða, en verði eldsvoði er afleiðing talsverð. Slökkviliðið ræður við eldsvoða í stofnuninni. Nauðsynlegt er að hólfa bygginguna í samræmi við kröfur og setja upp brunaviðvörunarkerfi.

### **Félagsheimilið Bolungarvík, Víkurbær, Aðalstræti 24-26.**

Byggingin sem er 3.047m<sup>3</sup> og 635,2 m<sup>2</sup> er byggð árið 1952. Burðarvirki og hæðarskil eru úr steinsteypu, inniveggir úr steinsteypu og timbri. Loft er úr timbri. Burðarvirki þaks úr timbri, þak m/timburásam, tréklæðningu og bárujárni óeinangrað. Einangrun veggja er korkur og plast. Talsverður eldsmatur er í byggingunni. Byggingin er ein brunasamstæða. Töluverðar kröfur hvíla á byggingunni og hafa endurbætur verið til umræðu um nokkurra ára skeið. Endurnýjun á rafmagni hefur þó verið gerð að hluta. Brunaviðvörunarkerfi er ekki í húsinu. Við stærri samkomur hefur verið sett upp brunavakt að mati slökkviliðsstjóra og í samráði við rekstraraðila. Sökum tíðra skiptinga á rekstraraðilum hefur gengið illa að halda og æfa neyðaráætlun vegna rýmingar o.fl. Ekkert brunavarnakerfi er í byggingunni.

**Ástand brunavarna í byggingunni er slæmt.**

#### ***Niðurstaða.***

Hætta er á töluverðum eldi ef eldur brýst út á vissum svæðum hússins, þar sem eldsmatur er mikill. Erfitt gæti orðið að koma fólki út ef mikill mannfjöldi væri í húsinu við þær kringumstæður, því flóttaleiðir eru fjarri því að uppfylla ákvæði reglugerðar. Við stærri eldsvoða í húsinu á vinnslutíma fiskvinnslufyrirtækja yrði að loka fyrir vatn til þeirra svo brunahanar v/Skólastíg, Aðalstræti og Hafnargötu myndu anna vatnspörf skökkviliðsins jafnframt dælingu úr sjó. Vatnspörf slökkviliðs gæti farið í 4.000 – 7.000 l/m. á mesta álagstíma. Slökkviliðið ræður við eldsvoða í byggingunni. Yrði um stóra rýmingu að ræða yrði kallað á björgunarsveit og Bolungarvíkurdeild RKÍ til aðstoðar við aðhlynningu fólks. Nauðsynlegt er að hólfa bygginguna í samræmi við kröfur og setja upp brunaviðvörunarkerfi.

### **Grunnskólinn Höfðastíg 3-5**

Byggingin er 4.167m<sup>3</sup> og 1.156m<sup>2</sup> er L-laga byggð árið 1966/91. Burðarvirki, hæðaskil og útveggir eru úr steinsteypu. Burðarvirki þaks límtré og timbur, þak með timburásam, ull/plast, tréklæðning og bárustál. Einangrun útveggja er úr plasti, polystyren og múrhúð, inniveggir spónaplötur á trégrind, m/steinull/glerull. Loftaklæðningar heraklit, texplötur og spónaplötur. Byggingin er tvær brunasamstæður, en fjögur brunahólf. Neyðaráætlun, rýmingaráætlun er til og æfð reglulega. Brunaviðvörunarkerfi er ekki í byggingunni, en ósamtengdir reykskynjarar eru víða. Ekkert brunavarnakerfi er í byggingunni, er í kröfum. **Ástand brunavarna í byggingunni er sæmilegt.**

#### ***Niðurstaða.***

Ekki er mikil hætt á stórum eldsvoða á skólatíma, meðan starfsemi fer fram. Hinsvegar gæti orðið talsverður eldsvoði næði eldur sér upp þar sem eldsmatur er mikill, einkum þó í eldri byggingunni. Slökkviliðið ræður við eldsvoða í byggingunni, með tengingu við brunahana við Skólastíg og Árbæ ásamt dælingu úr sundlaug sem er suðaustan við eldra skólahúsið. Nauðsynlegt er að hólfa bygginguna í samræmi við kröfur og setja upp brunaviðvörunarkerfi.

### **Fiskverkun Jakobs Valgeirs ehf., Grundarstíg 5**

Byggingin er 1.897m<sup>3</sup> og 621m<sup>2</sup> á tveimur hæðum byggt árið 1978. Í húsinu starfa að meðaltali 15- 18 manns. Burðarvirki er úr stáli, hæðaskil úr timbri og útveggir úr steypu og timbri.



Burðarvirki þaks er stál, en þak m/timburásam, plasteinangrun/ull og tréklæðningu. Byggingin er ein brunasamstæða. Milliveggir að mestu timburveggir með spónaplötum. Einnig eru á neðri hæð veggir úr yleiningum. Þakrými yfir efrihæðinn er einn geimur. Húsið er án brunaviðvörunarkerfis. Ekkert brunavarnakerfi er í byggingunni. **Ástand brunavarna í byggingunni er slæmt.**

### *Niðurstaða:*

Vegna byggingarefnis hússins er talsverð brunahætta í byggingunni. Mikill eldsmatur er í húsinu og gæti þ.a.l. orðið mikill bruni Slökkviliðið ræður við eldsvoða í byggingunni með tengingu við brunahana Grundastíg og dælingu úr sjó frá Grundagarði og/eða úr Hólsá. Gæti þurft að stöðva vinnslur væri álagstími á vatnsveitu. Nauðsynlegt er að setja upp brunaviðvörunarkerfi.

### **Hafnargata 57 –59, Vélsmiðjan Bolungarvík**

Byggingin sem er 2.970 m<sup>3</sup> er byggð árin 1920/63/73. Byggingin liggur að mestu austur-vestur ásamt útbyggingu til norðurs frá austurenda, þar sem byggingin var sambyggð fyrrum trésmíðaverkstæði. Burðarvirki eru úr steinsteypu, stálgrind og timbri. Burðarvirki þaks kraftsperrur, stál og stálbitar, þak m/timburásam, tréklæðningu, bárustáli óeinangrað. Innveggir eru úr steypu og timbri, loftklæðning er spónaplötur. Byggingin er ein brunasamstæða. Ekki er brunaviðvörunarkerfi í húsinu. Húsið er í niðurnýðslu.

**Ástand brunavarna í byggingunni er óviðunandi.**

### *Niðurstöður:*

Eldsmatur er talsverður í byggingunni og líkur á töluverðum bruna verði eldur laus. Slökkviliðið ræður við eldsvoða í byggingunni, með tengingu við tvo brunahana á Hafnarstræti, ásamt dælingu úr sjó. Nauðsynlegt er að hólfa bygginguna í samræmi við kröfur og setja upp brunaviðvörunarkerfi.

### **Vatnasvæði Hlíðardal**

Þar sem um opin vatnsból er að ræða og þar sem vatnasvæði dalanna ofan við inntök vatnsveitu eru í raun vatnsból vatnsveitu, **er tekin sérstakur fyrirvari á hversu viðkvæmt svæðið er** og hversu lítið mengunarslys þarf til að spilla vatnsbólínu. Lagt er til að settar verði sérstakar reglur um umferð á fyrrnefndu svæði, sem og að settar verði strangar tilkynningaskyldar reglur um umferð með spilliefni um svæðið.

## 9. Hafnir og mörk þeirra

Mörk hafnarsvæðis Bolungarvíkur eru strandlengjan frá Ófæru í norðri og Óshólar í suðri.

Hafnarmannvirki eru á einum stað í Bolungarvík.

Viðlegukantar (bryggjur), eru þjár, Brimbrjótur, Lækjarbryggja og Grundagarður. Þess utan eru tvær flotbryggjur innan Lækjarbryggju. Í botn hafnarinnar rennur Hólsá.

Í aðalskipulagi Bolungarvíkur fyrir hafnarsvæðið segir m.a. Innan hafnarsvæðis er slökkviliðsstjóri ábyrgur fyrir slökkvistarfi sem og vegna mengunarvarna á landi. Hafnarstjóri er ábyrgur fyrir viðbragði við umhverfismengun á sjó innan hafnarinnar og er samnýting búnaðar með öðrum höfnum á svæðinu. Búnaður sá er í umsjón Slökkviliðs Ísafjarðar. Talsverð umferð smábáta er um hafnarsvæðið og á síðari árum hafa nokkrir stærri bátar legið þar án hreyfingar. Komur togara og stærri skipa hefur minnkað hin síðari ár, þó koma að jafnaði 5 - 10 flutningaskip, 2 - 6 loðnu –og stærri fiskiskip og komur olúskipa eru 2 - 6.

Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir dælingum og slökkvistarfi í bátum og skipum á hafnarsvæðinu. Einnig sendir SB menn og búnað til aðstoðar við dælingar og slökkvistarf í bátum og skipum utan hafnar. Athygli er þó vakin á að tryggingar slökkviliðsmanna né búnaðar, ná til þessara starfa ef bátar og skip eru bundin við bryggju en ekki til þessara sjálfsögðu öryggisstarfa úti á sjó og þarf að ganga frá þeim þætti í hverju einstöku tilviki sem er ótækt og þarf úr að bæta.

Vinna þarf nánari greiningu viðbragðs og aðgerðaáætlun varðandi umhverfismengun á sjó innan svæðisins, þar sem m.a. hlutverkaskipun, stjórnun og ábyrgð aðila verði nánar greind. Gangi þarf frá samningi milli SB og Hafnarstjórnar varðandi fyrrgreinda þætti í samræmi við lög og reglugerðarákvæði.

Slökkviliðið kemur að slökkvistarfi á hafnarsvæði ef eldur er laus, en aðkoma að umhverfismengun er á vegum hafnarstjóra.

## 10. Samkomulag og samningar

Samstarf er við þá aðila sem snerta starfsemi SB. Samstarf flestra neðangreindra er lögbundið. Helstu samstarfsaðilar eru í stafrófsröð:

- Almannaþing Bolungarvíkur, vegna hlutverks SB í almannaþingarkerfinu.
- Áhaldahús Bolungarvíkur, vegna brunahana, vatnsveitu, samnýtingar húsnæðis, snjósmoksturs o. fl.fl. atriða.
- Björgunarsveitin Ernir Bolungarvík.
- Brunamálastofnun vegna brunamála, mengunarvarna/eiturefna, eldvarnaeftirlits og brunamálaskólans.
- Byggingarfulltrúi Bolungarvíkur, vegna forvarna.
- Heilbrigðisefirlit Vestfjarða, vegna mengunaráhættu og forvarna.
- Lögreglan, vegna ýmissa sameiginlegra verkefna.
- Rauði Kross Íslands, þar sem sjúkrabifreiðar eru í þeirra eigu, rekstrarkostnaður sem og endurnýjun á öllum búnaði sem tengist sjúkraflutningum. Samráðsnefnd er ekki starfandi.
- Hafnarstjórn Bolungarvíkur vegna hafnarsvæðisins.
- Sjúkraflutningaskóli Íslands FSA, vegna menntunar.
- Skrifstofa Bolungarvíkurkaupstaðar, vegna fjármála.



- Vinnueftirlit ríkisins Vestfjörðum, vegna sameiginlegra verkefna á sviði eftirlits –og forvarna.

### **Sérstakir samningar eru við neðanritaða:**

- Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur, vegna sjúkraflutninga.
- Neyðarlínan 112, vegna neyðarsvörunar og boðuna.
- Slökkvilið Ísafjarðar, vegna samkomulags um gagnkvæma aðstoð og samvinnu á fjölmörgum sviðum.
- Ratsjárstofnun, vegna sérsamnings aðila.

Gera þarf sérstakan samning vegna hafnarsvæðis sbr. athugasemdir þ.a.l. í framhaldi breytinga í lögum og skal þeim samningi lokið fyrir árslok 2007.

## **11. Annað**

Varaafstöð Orkubús Vestfjarða er að Múrhúsalandi í Bolungarvík, jafnframt sem þar er spennistöð fyrir bæjarfélagið. Byggingin er á hættusvæði vegna snjóflóða og eru úrbætur í athugun.

Mjög brýnt er að tryggja húsnæðið, sem og spennistöðina gegn þessari vá, því allt rafkerfi bæjarfélagsins er háð þessari spennistöð sem og varaafli rafmagns.

Sendar fjarskiptabúnaðar eru staðsettir í mastri við Óshólavita, á símsstöð og sendir 365 ljósvakamiðla er á þaki fjölbýlishússins að Holtabrún 16.

## 12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun

Hér á eftir er fjallað um þær úrbætur sem taldar eru nauðsynlegar til að slökkviliðið geti uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með viðunandi hætti.

Í leiðbeiningum Brunamálastofnunar um efni og gerð brunavarnaráætlunar sveitarfélaga er sagt:

*“Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaráætlun er að gerðar verið viðbragðsáætlanir (t.d. slökkvi og mengunarvarnaráætlanir) a.m.k. fyrir alla stærstu og erfiðustu áhætturnar á svæði slökkviliðsins.”*

Eins og fram hefur komið eru slíkar áætlanir ekki til hjá sveitarfélaginu og er því ein meginniðurstaða þessarar skýrslu sú að þær verði að gera sem fyrst. Tillögur til úrbóta eru miðaðar við þær upplýsingar sem tiltækar eru en við gerð slökkvi- og mengunarvarnaáætlana kann að koma í ljós þörf fyrir frekari úrbætur.

Helstu breytingar á húsnæði, bifreiðum, menntun og búnaði slökkviliðs koma hér fyrir neðan ásamt framkvæmdaáætlun.

**Helstu breytingar á húsnæði, bifreiðum, menntun og búnaði SB koma hér fyrir neðan ásamt framkvæmdaáætlun.**

### 12.1 Húsnæði

Lagfæringar á slökkvistöð og sameiginlegu rými í Áhaldahúsi eru:

Salur slökkvistöðvar.

- Klæða þarf þak að innanverðu.
- Bæta þarf við ljósum í sal í samræmi við kröfur.
- Setja þarf upp mengunarvarnarbúnað v/útblásturs bifreiða í samræmi við kröfur. vinnueftirlits og reglugerðar.
- Setja þarf upp neyðarsturtu vegna eiturefna.
- Setja þarf upp brunaviðvörðunarkerfi.
- Bæta þarf vatnslögn.
- Setja þarf upp vaska vegna olíuþrifa o.fl. því tengdu.
- Setja þarf fleiri stórar hurðir til útaksturs.
- Setja þarf upp aðstöðu fyrir hleðslukúta.
- Mála húsnæðið að innan.
- Auka þarf geymslurými (hillur).

### Sameiginleg aðstaða Áhaldahúsi

- Bæta þarf salernisaðstöðu.
- Setja þarf upp sturtu.
- Setja þarf útsogsbúnað vegna suðuvinnu o.fl.
- Setja þarf upp brunaviðvörðunarkerfi.
- Lagfæra þarf rafkerfi skv. kröfum skoðunarstofu og eldvarnareftirlits þ.a.l.
- Endurnýja þarf innréttingu í kaffistofu starfsmanna o.fl. í starfsmannaáðstöðu í samræmi við kröfur vinnueftirlits.
- Aðstaða og staðsetning gaskúta þarf að vera í samræmi við reglugerð.



## 12.2 Bifreiðar

Almennt viðhald eldri bifreiða þarf að bæta.

- Setja þarf clymax dælu á tankbíl og tengja við vatnstank.
- Kaupa þarf dekk undir tankbíl.
- Huga þarf að endurnýjun Vatnsbifreiðar og bifreiðar í stað Benz.
- Endurnýja þarf fjarskiptabúnað allra bifreiða.

## 12.3. Menntun og búnaður

### Menntun:

Þjálfunar- og menntunarstig slökkviliðsmanna er mismunandi eftir starfsaldri o.fl. atriða. Slökkvilið veita starfsmönnum sínum óvenju mikla menntun miðað við önnur fyrirtæki og stofnanir, þar sem menntun slökkviliðsmanna er ekki úr hinu almenna skólakerfi og mjög sértæk. Þá eru ákveðnar lagalegar kröfur um aldur, lágmarksmenntun, líkamlegt og andlegt atgervi auk þess gerðar til slökkviliðsmanna. Slökkviliðsstóri hefur þó í nokkrum tilvikum þurft að nýta sér undanþágu-ákvæði sömu laga við skipun slökkviliðsmanna svo sem áður hefur komið fram. Ekki eru allir slökkviliðsmenn með meirapróf bifreiða.

### 12.3.1 Menntun

Unnið er að því að allir slökkviliðsmenn hljóti menntun úr Brunamálaskólanum fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn. Þetta er gert í samvinnu við Brunamálaskólan og slökkviliðsmenn í sameiningu. Nám fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn er lágmarksmenntun slökkviliðsmanna í þegnskylduvinnu og byggist upp á fimm 30 klst. námskeiðum sem haldin eru hér á svæðinu. Stefna SB er að 80 % slökkviliðsmanna verði ætíð með þá menntun. Skýring á stöðu SB á þessu sviði er að regluleg starfsemi Brunamálaskólans á sér ekki margra ára sögu, sem og að á síðustu 9 árum hafa 32 slökkviliðsmenn á besta aldri hætt í SB, vegna flutnings úr bæjarfélaginu.

Unnið er að endurmenntun í samvinnu og eftir námsskrá Brunamálaskólans og mun slökkviliðsstjóri annast og flétta þá menntun inn í starf slökkviliðsins. Að lágmarki munu slökkviliðsmenn sækja eitt viðurkennt endurmenntunarnámskeið á hverju fjögurra ára tímabili.

### 12.4 Búnaður

Á næstu þremur árum verður keyptur mengunarvarnabúnaður sem uppfyllir þjónustustig SB, þ.e. búnaður til að bregðast við þeim hættum sem upp geta komið. Þá verði fjarskiptamál SB komin í viðunandi lag árið 2007. Sömuleiðis verði keyptir 500 m af 1,5", 2,5", 3" eða 4" slöngum á næstu 5 árum.

Gert er ráð fyrir eðlilegri og sjálfsagðri árlegri endurnýjun smábúnaðar og verkfæra, þó ekki verði talin upp hér sérstaklega.

- Keyptar verði lausar dælur.
- Endurnýja þar fjarskiptakerfi reykkafara.
- Endurnýja þarf fjarskiptakerfi slökkviliðsins.
- Viðhalda þarf og auka hlífðarfatnað slökkviliðsmanna.
- Endurnýja þarf reykköfunartæki.
- Auka þarf vara-loftkúta og viðhalda.
- Setja þar Clymaxdælu á Volvo og útbúa tengingar þ.a.l.

- Kaupa þarf dekk á Volvo.
- Kaupa þarf lausa ljóskastara og stangir.
- Auka þarf við öryggislínur.
- Kaupa þarf fleiri stúta.
- Auka þarf við greinistykki.
- Bæta þarf við og endurnýja markvisst slöngur af öllum stærðum.
- Kaupa þarf bensín hjólsög.
- Endurbæta þarf loftpressu.
- Koma þarf upp æfingaraðstöðu í gámum í samvinnu við Slökkvilið Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps.
- Auka þarf við flest af smábúnaði.
- Vinna þarf eftir sömu áætlun við uppbyggingu og lagfæringum á dreifikerfi vatnsveitu og endurnýjunar og fjölgunar brunahana.
- Auka þarf búnað vegna kennslu s.s. myndvarpa, fax o.fl.
- Endurnýja þarf tölvubúnað slökkviliðsins.
- Kaupa þarf lágmarksmengunarvarnabúnað.

### 12.4 Framkvæmdaáætlun

#### Á árinu 2007:

- Keyptir verði tveir slökkvigallar.
- **Keyptar verði talstöðvar.**
- **Kaupa talstöðvar fyrir reykkafara.**
- Keyptur verði mengunarvarnabúnaður.
- Kaupa tvo eiturefnabúninga með öllu tilheyrandi.
- Fylgibúnaður vegna Man er vantar verði keyptur.
- Slöngur, haldið áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign (sérstaklega að kaupa 1,5" og 4" lagnir).
- Nauðsynlegur smábúnaður verði keyptur.
- Tölvubúnaður verði lagfærður.
- Tveir stútar verði keyptir.
- Kaupa tvö reykköfunartæki ásamt varakútum.
- Ýmiskonar þurkefni o.fl.
- Keypt verði tvö dekk á Volvo.

#### Á árinu 2008:

- **Keypt verði tvö reykköfunartæki og varakútar.**
- **Viðhalda og auka við hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna.**
- Endurnýjun á fjarskiptakerfi > 3 handstöðvar.
- Kaupa talstöðvar fyrir reykkafara.
- Lagfæring á vatnskerfi í sal slökkviliðs.
- Sett verði upp sturta og lagfærð snyrtiaðstaða í húsnaði.
- Haldið áfram að viðhalda og byggja upp slöngueign SB.
- **Keyptur verði einn 2.5" stútur.**
- **Keypt verði eitt greinistykki.**



- Climax verði sett á Volvo.
- Keyptur verði búnaður til lágmarks mengunarvarna.
- **Keypt verði tvö dekk á Volvo.**
- Kaupa dælu.
- Auka froðuburgðir slökkviliðsins.

### Á árinu 2009:

- Endurnýjun á fjarskiptakerfi > 3 handstöðvar.
- Viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna.
- Keyptir verði þrjár vara – loftkútar.
- Keypt verði tvö dekk á Volvo.
- Keyptir verði tveir 1,5” stútar.
- Keypt verði greinistykki.
- Keyptar verði öryggislínur og fl. því tengt.
- Keyptur verði ljóskastari ásamt stöng.
- Haldið áfram að viðhalda og byggja upp slöngueign SB.
- Keypt verði bensín hjólsög.
- Mottur yfir niðurföll, ytri tunnu f. Uppþurkunarefni.
- Keypt verði talstöð.
- Lokið við að kaupa mengunarvarnabúnað.
- Endurnýja vatnsflutningabifreið.

### Á árinu 2010:

- Hlífðarfatnaði verði viðhaldið.
- Keypt verði tvö reykköfunartæki og varakútar.
- Keyptir verði tveir ljóskastarar ásamt stöngum.
- Keyptir verði tveir stútar.
- Kaupa lausa dælu.
- Keypt verði eitt greinistykki.
- Haldið áfram að viðhalda og byggja upp slöngueign SB.
- Keypt verði bensín- keðjusög.

### Árið 2011:

- Endurnýjun á fjarskiptakerfi > 3 handstöðvar.
- Viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna.
- Haldið áfram að viðhalda og byggja upp slöngueign SB.
- Keypt verði greinistykki.
- Kaupa nýja slökkvibifreið.

Að öðru leyti að viðhalda og endurnýja eftir þörfum búnað slökkviliðsins.

Framhald á kaupum búnaðar og endurnýjun í samræmi við ofanritaðar tillögur. Gert er ráð fyrir að endurskoðun áætlunar verði komin fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2008.

**Dreifingarlisti:**

Almannavarnarnefnd Bolungarvíkur

Björgunarsveitin Ernir

Bæjarstjórn Bolungarvíkur

Hafnarstjórn Bolungarvíkur

Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur

Náttúrustofa Vestfjarða

Neyðarlínan hf.

Lögreglan á Ísafirði

RKÍ Bolungarvíkurdeild

RKÍ Ísafjarðardeild

Slökkvilið Ísafjarðar

Brunamálastofnun

Bæjarstjórn Ísafjarðar

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur

Lögreglan í Bolungarvík

Orkubú Vestfjarða hf.

Tæknideild Bolungarvíkurkaupst.

Vinnueftirlit ríkisins Vestfjörðum.

**Heimildir:**

Áhættumat unnið úr gögnum eldvarnareftirlits



Lög um brunamál nr. 75/2000 og reglugerðir þ.a.l.

Leiðbeiningar Brunamálastofnunar um efni og gerð brunavarnaáættunar sveitarfélaga.



# Fylgiskjöl

## Fylgiskjal 1 Útkallstími





**Fylgiskjal 1.1**  
**Útkallssvæði**  
Stærð sveitarfélags



## Fylgiskjal 2

### Skoðunarskylda eldvarnaeftirlits:

Eftirfarandi listi er yfir lágmarksskoðanir. Við úttektir og eftirfylgni verða skoðanir í sumum tilvikum margar á ári.

#### Tvisvar sinnum á ári:

Áhaldahús - Slökkvistöð	Tjarnarkambur 1
Árborg þjónustuíbúðir aldraðra	Höfðastíg
Bakkavík hf. Rækju og fiskvinnsla	Hafnargötu 80 - 96
Félagsheimili Bolungarvíkur, skemmtistaður	Aðalstræti
Félagsmiðstöðin- tréiðnaðard. MÍ	Hafnargötu 9b
Finnabær veitinga- og gistihús	Vitastíg 1
Grunnskólinn	Höfðastíg 3 - 5
Heilbrigðisstofnun Bol. Sjúkrahús	Miðstræti 19
Hólskirkja, kirkja	Hóli
Hólskirkjusöfnuður Safnaðarheimili	Aðalstræti 22
Jakob Valgeir ehf. Fiskvinnsla	Grundastíg 5
Leikskólinn Glæðheimar	Hlíðarstræti
Gná ehf. loðnuverksmiðja	Þuríðarbraut

#### Einu sinni á ári:

Bifreiðaverkstæðið Nonni	Þuríðarbraut 11
Bjarni Eiríksson verslun	Hafnargötu 81
Fiskbitar fiskvinnsla –þurkun	Brimbrjótsgötu 1
Golfskálinn	Syðridal
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða skrifst.	Aðalstræti 21
Heilbrigðisstofnun Heilsugæslustöð	Höfðastíg 15
Jakob Valbeir ehf. Fiskvinnsluhúsn.	Sjávarbraut
Endurskoðendur Vestfj. skrifst.	Aðalstræti 19
Náttúrugripasafn Bolungarvíkur	Vitastíg 3
Náttúrustofa Vestfjarða	Aðalstræti 21
Olís	Búðarkanti
Orkubú Vestfjarða hf. Kyndistöð	Skólastíg
Orkubú Vestfjarða hf. Lager og verkst.	Múrhúsalandi
Ósvör Verbúð Safn	Ósvör
Ratsjárstofnun Bolafjalli Skv. samningi	Bolafjalli
Síminn Símsstöð	Aðalstræti 19
Skeljungur Birgðastöð olíuvara	Grundarstíg
Skeljungur Olíubirgðastöð olítankar	Mávakambi
Skeljungur Shellstöðin	Þuríðarbraut
Slysavarnardeildin Hjálp björgunardeild	Hafnargötu 60



## Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Bolungarvíkur.

Sparisjóður Bolungarvíkur	Aðalstræti 10-12
Sparisj.Bol.v. Skrifstofuh./verslanir/hárst.	Aðalstræti 21
Sparkaup Verslun	Vitastíg 3
Sýslumaðurinn í Bolungarvík Skrifstofur	Aðalstræti 10-12
Tónlistarskólinn	Skólastíg 3
Verkalýðs og sjómannafr. Bol.v. Skrifst/salur	Hafnargötu 37
Vélsmiðjan Mjölnir vélsmiðjuhúsnæði	Hafnargötu
Vélsmiðjan Mjölnir vélsmiðjuhúsnæði	Hafnargötu
Vélsmiðjan Mjölnir vélsmiðjuhúsnæði	Mávakambi
Vélvirkinn Verslun	Aðalstræti 13-15
Vélvirkinn Vélsmiðja	Hafnargötu 8
West Sea matvælavinnsla	Árbæjarkanti

### Þriðja hvert ár:

Bakkavík	Grundarstíg 2-4
Beitningaskúrar Smábátafél.	Árbæjarkanti
Beitingaskúrar	Hafnargötu
Benedikt Bjarnason Geymsluhúsn./fiskv.	Hafnarg/Brimbrjótsg
Bolungarvíkurkaupst. skrifstofur	Aðalstræti 10-12
Djúpmar ehf. slægingarþj.	Hafnargötu 58
Drymla verslun handverksfólks	Skólastíg 3
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar	Hafnargötu 12
Fiskv. Sigmundar Þorkelssonar	Hafnargötu 56
Fjáborg Minni-Hlíð	Minni -Hlíð
Fremra Ós	Ósi
Geirastaðir	Geirastaðir
Guðmundur Jakobsson o.fl. Geymsluhúsnæði	Grundarstíg
Hafnarvogin	Búðarkanti
Halldór Eydal Geymsla	Mávakambi
Hanhóll	Hanhóll
(Hárstofan) sjá Sparisj.	Aðalstræti 21
Helga Aspelund Geymsluhúsnæði	Hafnargötu
Hesthús Múrhúsalandi	Múrhúsaland
Ingimar Baldursson Bifreiðageymsla	Tjarnarkambi
Jakob Magnússon Bifreiðageymsla	Tjarnarkambi
Kári Guðmundsson Bifreiðageymsla	Mávakambi
Ketill Elíasson Geymsluhúsnæði	Sjávarbraut
Miðdalur	Miðdalur
Minni -Hlíð	Minni -Hlíð
Ós	Ós
Páll Helgi Geymslu/fiskvinnsluhúsn.	Árbæjarkanti

## Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Bolungarvíkur.

Pétur Runólfsson Geymsluhúsn.	Tjarnarkambi
Pípulagnir Hafþórs geymsluhús	Hafnargötu 116
Rafsja Rafmagnsverkst.	Hólastíg 6
Rafverk Rafmagnsverkst.	Skólastíg 4
Ragnar Jakobsson Verkst.- geymsla	Sjávarbraut
RKÍ Bolungarvíkurdeild skrifstofa	Hafnargata
Reimar Vilmundarson Geymsluhúsnæði	Hafnargötu
Sigurgeir Jóhannsson Vélahúsn.	Hafnargötu
Sigurgeir Jóhannsson Geymsluhúsn	Minni-Hlíð
Sigurður Hjartarson Geymsla/beitingarsk.	Mávakambi
(Sólbaðstofan Linda) Sjá Sparisj.	Aðalstræti 21
Ásgeir Sólbergsson Geymsluhúsnæði	Hafnargötu
Ungmennafélag Bolungarvíkur	Kirkjuvegur 1
Valli Bakari Lítið bakarí bílskúr	Holtabrún 15
Þjóðólfstunga	Þjóðólfstunga



### Fylgiskjal 3

#### Staða menntunar slökkviliðsmanna hjá SB 01.01.2003.

	Nafn	Hóf- störf	Líf- aldur	Starfs- aldur	Sl.1 1	Sl.1 2	SL.1 3	Sl.1 4	el dv	Endur- menntun Brunam.- skólans
1	Auðunn Elvarsson	2006	20							
2	Ágúst S. Hrólfsson	2005	22	2						
3	Baldur Ingimarsson	1999	34	8	2000	2001	2002	2000		
4	Bjarki Friðbergsson	1999	35	8	2000	2001		2000		
5	Bjarni Pétursson	2000	38	7	2000	2001		2000		
6	Einar Guðmundsson	1976	51	33						1997
7	Gareth C. Rendall	2000	34	7	2000	2001	2002	2002		
8	Grzegorz Gozdz	2006	25	0						
9	Halldór M. Sverrisson	1992	41	15			2002			
10	Hálfván Sveinbjörnss.	1984	52	23			2002			1997
11	Hrólfur Einarsson	1995	49	12		1996		1999		
12	Hörður Snorrason	2005	32	2						
13	Janus Duscak	2006	27	0						
14	Jón P. Bernódusson	1986	45	21	1988	1990	1991	1993		1997
15	Jón Atli Magnússon	2006	27	1						
16	Jón Sveinsson	1976	49	31						1997
17	Kári Guðmundsson	2006	52	1						
18	Kristján Arnarson	1996	43	11	2002	2001	1997	2002		
19	Ólafur Þ. Benedikts	1994	54	13	1995	1996	1997	2002	1995	1997
20	Pétur Guðmundsson	1994	44	13	2000			1998		
21	Reimar Vilmundarson	1994	35	13	2000		2002			
22	Rúnar G. Guðmunds	2002	31	5						
23	Sigurður Hálfvánarson	2001	27	6	2001		2002	2002		
24	Sigurður Stefánsson	2003	43	4				2002		
25	Sigurgeir Sigurgeirs	2001	43	6	2001		2002	2002		

## **Fylgiskjal 3.1**

Menntun slökkviliðsmanna samkvæmt gildandi reglugerð



## Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Bolungarvíkur.

Nafn	Hóf störf	Fæðingar- ár	SLM 1. hl	SLM 2.1. hl	SLM 2.2 hl	SLM 3. hl	SLM 4. hl
Auðunn Elvarsson	2006						
Ágúst S. Hrólffsson	2005						
Baldur Ingimarsson	1999		2001	2001	2004	2003	2000
Bjarki Friðbergsson	1999		2000	2001	2004		
Bjarni Pétursson	2000				2004		
Einar Guðmundsson	1976						
Gareth C. Rendall	2000						
Grzegorz Gozdz	2006						
Halldór M.Sverrisson	1992						
Hálfván Sveinbjörnsson	1984					2003	
Hrólfur Einarsson	1995						
Hörður Snorrason	2006						
Janus Duscak	2006						
Jón P. Bernódusson	1986				2004	2003	
Jón Atli Magnússon	2006						
Jón Sveinsson	1976						2004
Kristján Arnarson	1996				2004	2003	2004
Ólafur Þ. Benediktsson	1994		1995	1996	1997	2003	
Pétur Guðmundsson	1994		2000				
Reimar Vilmundarson	1994		2000		2002		
Rúnar G. Guðmundsson	2001						
Sigurður Hálfvánarson	2001		2001		2004		2002
Sigurður Stefánsson	2003						2002
Sigurgeir Sigurgeirs	2001		2001		2002	2002	

Þeir sem hafa endurmenntunarnámskeið frá 1997 hafa ígildi allra ofangreindra lágmarksnámskeiða.

Auk þess hefur Slökkviliðsstjóri lokið 2 hlutum Eldvarnareftirlits og Stjórnunarnáms Brunamálaskólans og í Sandö í Svíþjóð í samstarfi við Brunamálaskólann og námskeiði fyrir slökkviliðsstjóra hjá Brunamálaskólanum.

## Fylgiskjal 4

### Æfingaráætlun fyrir Slökkvilið Bolungarvíkur

Æfingar eru a.m.k. einu sinni í mánuði.

#### Á æfingum er farið yfir:

- Slöngulagnir
- Dælingar
- Reykköfun
- Vatnsöflun
- Klippuvinna
- Slökkvistarf í skipum
- Mengunarslys
- Bílabrunar
- Húsbrunar
- Öryggismál
- Stjórnun
- Vetvangsskoðanir

**Samkvæmt lögum er lágmarks æfingar tími 20 tímar og auk þess bætast 25 tímar við hjá þeim sem sinna reykköfun.**

Æfingar slökkviliðsmanna verða allar skráðar til að hafa góða yfirsýn yfir menntunarmál þeirra.

## Fylgiskjal 5

### Verkaskipting á slökkvibifreiðum SB

**Verkáætlun við bruna hjá SB er í grófum dráttu eftirfarandi:**

**Slökkvibíll 1 = Man** > 3 menn á eldstað, aðgerðarbíll no.1 .

**Slökkvibíll 2 = Benz** > 3 menn. tryggir vatnsöflun / í litlum eldum aðgerðarb. 2

**Slökkvibíll 3 = Volvo tankbíll** > 3 menn. aðgerðarbíll 3 dælir/tryggir vatnsöfun 9 slökkviliðsmenn koma á brunastað með slökkvibifreiðum. > Stjórnandi og annar með honum koma með sjúkrabifreið. Aðrir koma með Ford Econoliner.

**Slökkvibíll 1** Aðgerðarbíll. Staðsetur sig sem heppilegast við brunastað. Frá honum fara reykkafarar, tvær 1” háprýstilagnir eru , einnig lagðar út tvær forðalagnir frá greinistykkjum forðalagna allt að 8 vinnuslängur. Stigar frá Man.

**Slökkviliðsbíll 2** Leggur út slängur frá **bíl 1** í brunahana eða á dælingarst. Annast vatnsöflun fyrir Man og/eða tankbíl. Eftir að dæling er hafin að Bíl 1 fara 2 slökkviliðsmenn til vinnu á brunastað. Bílstjóri Benz annast dælingu og er í talstöðvarsambandi við bílstj. bíl 1 og bíl 3 ásamt við stjórnendur.

**Slökkviliðsbíll 3.** Kemur á brunastað, staðsettur eftir aðstæðum og hlutverki. Ef eingöngu á að fæða Bíl 1 leggur bíll 3 í samræmi við það, ef bíll 3 notast sem dælubíll er hann staðsettur í samræmi við það og leggur út tvær forðaslängur sem 4-5 vinnuslängur geta tengst, eftir að Climax dæla hefur verið beintengd og lagfærð (útbúin rafstarti), fram að þeim tíma (núverandi spjaldadæla) 2 – 3 vinnuslängur.

Forðaslängur 2,5” og vinnuslängur 1,5 “ Bílstjóri TB annast dælur og búnað bíls, T1 og T2 fara strax í útlagningu og síðan til stökkvistarfa frá TB eða í öðrum tilvikum eftir ákvörðunum stjórnenda.

Skammstafanir: B = bílstjóri BM = bístj. Man , BB = bílstj. Benz o.s.frv. R 1, 2,3 o.s.frv. stendur fyrir reykkafara. SR = stjórnandi reykkafara. M3 = slökkvil.m. 3 við störf frá Man.

Alltaf fara tveir reykkafarar saman á eldstað, hvort heldur er við leit og björgun eða til árásar á eld, nema tvortveggja sé. Sérstakur stjórnandi er fyrir hverja tvo reykkafara, sem er staðsettur svo nærri inngöngu sem kostur er. Hann sér um öll samskipti við þá, sér um að liðkað sé fyrir slöngum inn, fylgist með tíma o.s.frv. Um leið og eitt reykkafarpar hefur hafið aðgerðir verður annað reykkafarapar að vera tilbúið til aðgerða og björgunar ef eitthvað ber útaf. Hafa ber í huga að reykköfutum geta mætt þær erfiðustu aðstæður sem hugsast geta, bæði líkamlegar og andlegar.

Við meðalaðstæður þurfa tvö reykkarapör að vera að störfum samtímis, þá eru 12 menn sem verða að standa klárir bara að reykköfunarþætti slökkvistarfsins, sem ber að hafa í huga þegar fjöldi slökkviliðsmanna er ákvarðaður.

Við uppsetningu lausrar dælu þar 4 slökkviliðsmenn.



## Fylgiskjal 6

### Í útköllum unnið eftir slökkviáætlunum, sem byggjast upp á 15 meginþáttum sem eru og innihalda helst:

1. Staðsetning byggingar:  
-heimilsfang-aðkoma að byggingunni-fjarlægð og aksturstími á áfangastað (tími dags),-veður og færð,-ástand vega.
2. Fólksfjöldi:  
-á daginn,-á næturnar,-um helgar,-ástand fólks,-hætta sem steðjar að fólki.
3. Starfsemi í byggingunni:  
-skrifstofa eða iðnfyrirtæki,-hvar vinnur fólk,-mest eldhætta,-staðsetning vinnuvéla,-eldfim efni (hættuleg efni),-annað-.
4. Byggingarefni (brunahólfun):  
-útveggir,-milliveggir,-hæðaskil og loft,-þak,-eldvarnaveggir,-burðarvirki,-milligólf og niðurtekin loft,-hætta á hruni byggingarhluta.
5. Nærleggjandi byggingar:  
-hvar staðsettar,-byggingarefni,-fólksfjöldi,-vindátt,-tegund starfsemi,-hætta sem steðjar að fólki.
6. Slökkvivatn:  
-brunahanar, (staðsetning og stærð),-sjór,-vatnsmagn frá vatnsæðum =stærð,vatnsmagn og þrýstingur,-æskilegt magn til slökkvistarfsins,-tengingar,-önnur slökkviefni,-fjarlægðir,-kostir og gallar.
7. Tækjabúnaður:  
-staðsetningar (hvar),-slöngur og stútar,-slökkvibílar,-dælur,-önnur tæki (s.s. ljós, rafstöðvar,klippur).-eiturefnabúnaður,-önnur hjálp.
8. Björgun fólks:  
-staðsetning fólks,-aðhlyning,-leit og björgun,-útgönguleiðir,-tími,-mannafl,-öryggi slökkviliðsmanna,-líklegir samstarfsaðila,-gott að hafa slöngu við hendina,-hætta sem steðjar að fólki,-handlína.
9. Reyklosun:  
-hvar á að reyklosa,-hvað þarf marga menn til þess,-hvernig á að komast þangað,-hafa tvær leiðir niður af þakinu,-hvernig reyklosun,-- lárétt eða lóðrétt, -- náttúruleg eða vélræn ,-tæki.
10. Björgun verðmæta – verðmætavernd:  
-hvaða verðmæti eru í byggingunni, -hvar í byggingunni-áherslur-útvega geymslurými-hver á vinna verkið(mannafl),-byrja frekar fyrr en seinna-verja gegn hita, reyk –og vatnsskemmdum.
11. Sérstök eldhætta:  
-olía og gas-varasöm efni(eiturefni), -geislavirkni,-sprengihætta,-hrun,-annað.
12. Aukabúnaður í byggingunni:  
-sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi,-slökkvikerfi,-brunaslöngur,-stigaleiðir,-(lárétt eða lóðrétt),-önnur slökkvikerfi(s.s. gas eða duftkerfi), -annað.
13. Brunahólfun:  
fjöldi hólfa,-ástand eldvarnarveggja,-eldvarnarhurðir,-hæðaskil,-þakið.
14. Aðstoð, viðbótarhjálp (aukahjálp):  
-annað slökkvilið,-björgunarsveitir,-sjúkrahús eða læknir,-vatns –rafveitur,-sérþjálfað eiturefnalið,-annað.

15. Teikningar:

-grunnmynd svæðisins,-grunnmynd byggingar,-staðsetning brunahana,-  
slökkvivatn (annað),-staðsetning varasamra efna.

Að loknu slökkvistarfi er slökkviáætlun endurmetin með umfjöllun og spurningum um eftirfarandi :

Upptök elds, - viðvörðun, - tilkynningar, - viðbragð,- bruninn, - stjórnun,-  
björgunaraðgerðir,- reyklosun,- hvernig var komist inn,- brunaslöngur,- vatnsmagn,-  
björgun verðmæta, - aðgerðir fyrir lok slökkvistarfs, - stjórnun umferðar,- orkugjafar,  
- rannsókn, - almenningstengsl, - aðrar athugasemdir.

**Mengunarvarnir:**

Skýrsla í vinnslu. Er viðamikið og tímafrekt verkefni þar sem taka þarf alla mögulega þætti til greininga og úrvinnslu.



**Fylgiskjal 7**  
**Hafnarsvæði**

